

REGLUGERD um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 31. desember 2005, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt $63^{\circ}30'N$, $21^{\circ}39'V$. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti $63^{\circ}30'N$, $21^{\circ}39'V$ í punkt $63^{\circ}40'N$, $22^{\circ}32'V$. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti $63^{\circ}40'N$, $22^{\circ}32'V$ réttvisandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 30. apríl 2006, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvisandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af $23^{\circ}42'V$ og að norðan af $64^{\circ}20'N$.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.